







## Fundargerð

Miðvikudaginn 07. september 2022 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í innviðaráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

Fyrir hönd Sveitarfélagsins Árborgar voru Fjóla St. Kristinsdóttir bæjarstjóri, Bragi Bjarnason formaður bæjarráðs og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri.

### 1. Fundargögn

	395 fundargerð 25 08 2022.docx
	396 Dagskrá fundar EFS 07 09 2022.docx
	Árborg lykitölur .xlsx
	arsrei_svf_7502_Ársreikningur+PDF_202205...
	Punktur af fundi með Árborg 8 mars .docx
	Tillögur frá Ráðrík ehf. sept 2021.pdf

### 2. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð nr. 395 var samþykkt.

### 3. Fundur með Árborg

Fulltrúar frá Sveitarfélaginu Árborg komu á fund nefndarinnar til að fara yfir fjármál sveitarfélagsins. Fyrir hönd Árborgar mættu Fjóla st. Kristinsdóttir bæjarstjóri, Bragi Bjarnason formaður bæjarráðs og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri. EFS átti fund með fulltrúum Árborgar þann 8. mars sl. þar sem farið var yfir fjárhagsáætlun 2022-2025. Frá þeim fundi hefur ársreikningur fyrir árið 2021 verið birtur og var hallinn mun meiri en útkomuspá hafði gert ráð fyrir. EFS sendi bréf til Árborgar þann 22. júní sl. þar sem fram kemur að EFS hefur áhyggjur af stöðunni og óskaði eftir að fá fund með fulltrúum Árborgar að loknum sumarleyfum.

Fjóla fór yfir stöðuna og þá vinnu sem er hafinn með KPMG til að bæta áætlunargerð og endurskoða reksturinn. Markmiðið er að gera 10 ára áætlun sem er raunsæ og trúverðug. Bragi nefndi að fjárhagsáætlun í haust væri lykillinn fyrir næstu ár og mikilvægt er að vinna hagræðingaraðgerðir í samvinnu með sviðstjórum og starfsfólki. EFS nefndi að það væri mikilvægt að byrja á að setja markmið og reikna út krónutöluna sem þarf að ná að hagræða í rekstri.

Það þarf að halda áfram að fjárfesta í innviðum í takt við fjölgun íbúa sem hefur verið mikil á undanförunum árum. . Mikilvægt er að sveitarfélagið stýri för og í góðu samstarfi við verktakatil að hafa betur stjórn á uppbyggingunni. Þá var rætt um fjárhagsleg samskipti á milli A og B hluta en ekki er hægt að greiða arð úr B-hluta yfir í A-hluta en fram kom að það stæði ekki til þar sem mikil framkvæmdaþörf væri hjá Selfossveitum. Jafnframt kom fram að endurskoða þarf bæði gjaldskráSelfossveitna og sorpgjöld.

Ákveðið var að EFS fái send gögn um 6 mánaða uppgjör 2022 og fjárfestingaryfirlit þar sem fram kemur framvinda fjárfestingaverkefna. Nefndin var ánægð með hafin væri vinna með ráðgjafa og mun EFS vera í tíðu sambandi við sveitarfélagið til að fá upplýsingar um stöðuna.

#### 4. **Vopnafjarðarhreppur**

Umræða um fjárhagsstöðu Vopnafjarðarhrepps ásamt tillögum frá Ráðrík sem unnið var fyrir sveitarfélagið á árinu 2021. EFS fundaði með fulltrúum sveitarfélagsins þann 26 maí 2021 og í framhaldi af þeim fundi lagði nefndin til að sveitarfélagið myndi ráða sér utanaðkomandi ráðgjafa. Vopnafjarðarhreppur fékk ráðgjafarfyrtækið Ráðrík til að gera greiningu og koma með tillögum sem var skilað síðar það ár.

Ákveðið var að GAG muni óska eftir 6 mánaða uppgjöri og fá upplýsingar um hvernig fylgt hefur verið eftir tillögum frá Ráðrík.

#### 5. **Verkefnaskjal**

Farið var yfir verkefnaskjal og uppfært.

#### 6. **Önnur mál**

Undir öðrum málum kom fram hugmynd að EFS myndi taka fund með reiknings- og upplýsinganefnd. Yfirskrift fundarins mun vera reikningsskil sveitarfélaga þar sem rætt verður um núverandi fyrirkomulag og síðan hvað má betur fara. EFS tók vel í þetta og ákveðið var að finna tíma fyrir fundinn fljótlega.